

Heimastjórn Arnarfjarðar - 3 (11.9.2024) - Aðflugsljós á Bíldudal

Málsnúmer : 2409030
Málsaðili : Valdimar Bernódus Ottósson
Niðurstaða (stutt) :
Fundardagur : 11.09.2024

Inngangur : Aðflugsljós á Bíldudal og nauðsyn þess að þau verði sett upp sem fyrst.

Niðurstaða : Heimastjórn Arnarfjarðar leggur mikla áherslu á að aðflugsljós við Bíldudalsflugvöll verði í forgangi við vinnu við samgönguáætlun vegna mikilvægis flugvallarins sem sjúkraflugvallar og sem samgönguleiðar inn á sunnanverða Vestfirði.

Heimastjórn Arnarfjarðar hvetur bæjarstjórn Vesturbyggðar til að leggja áherslu á að aðflugsljós við flugvöllinn á Bíldudal verði sett upp sem allra fyrst til að auka öryggi í aðflugi að flugvöllinum og tryggja að hægt sé að lenda á flugvöllinum allan sólarhringinn. Sjúkraflug á Bíldudal jafngildir sjúkrabil til að koma sjúklingum sem fyrst undir læknishendur í Reykjavík.

Brýnt er að koma uppsetningu aðflugsljósa inn í fyrsta hluta samgönguáætlunar og í forgangs röðun í framkvæmdaáætlun Isavia sem ber ábyrgð á innanlandsflugi. Jafnframt verði að tryggja að stöðugar endurbætur á flugleiðsögn og tækninýjungar þar að lútandi skili sér í uppbyggingu og viðhaldi á aðstöðunni á Bíldudalsflugvelli til að tryggja öryggi sjúkraflugs og farþegaflugs.

Bíldudalsflugvöllur er skilgreindur sem flugvöllur í grunnneti samgangna og gegnir veigamiklu hlutverki í samgöngum á Vestfjörðum. Fjórðungsping Vestfirðinga hefur ítrekað ályktað um nauðsyn þess að flugöryggi sé tryggt á Vestfjörðum með sérstakri áherslu á flugleiðsögn og gervihnattarflugleiðsögn á vestari hluta landsins og að þeirri uppbyggingu beri að flýta sem mest.